

Nd.

47. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi:
Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist

utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkis-
málum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing ákveður. Utanríkismála-
nefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana
slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi
öðlast gildi.

Greinargerð.

Engin fastanefnd er í þinginu, er taki sjerstaklega til íhugunar utanríkismál.
Þau eru í höndum ríkisstjórnarinnar og mjög lítið eftirlit með henni af þingsins
hálfu í þeim málum, enda þau oft einungis rædd á leynilegum og ólögsmætum
þingmannafundum, ef þingið á annað borð heyrir nokkuð um þau. Það er mikils
um vert fyrir þingið að hafa meira eftirlit með utanríkismálum en verið hefir,
ekki einungis um þingtímann, heldur engu síður utan þingtímans. Eðlilegasta
leiðin er sú, að fóst utanríkismálanefnd, er þingið kjósi, hafi þessi mál með
höndum og sje til aðstoðar ríkisstjórninni og eftirlits, líkt og tíðkast í öðrum
ríkjum.